

# Viðhorf ferðamanna til fiskeldis á Vestfjörðum

Sumar 2014

## Viðhorf ferðamanna til fiskeldis á Vestfjörðum

### Kynning:

Í júlí 2014 var lögð fyrir ferðamenn á svæðinu könnun á viðhorfi þeirra til fiskeldis. Upphaflega hugmyndin var að nýta tækni nútímans og notast við spjaldtölvur, ferðamanni var þá rétt spjaldtölva og hann fenginn til að svara könnuninni þar. Svör hans fóru þá beint inn í gagnagrunn, en hægt er að skilyrða svör þannig að nauðsynlegt var að svara ákveðnum spurningum til að geta haldið áfram og ekki ætti að vera hægt að rekja svör til einstaklinga.

Vorum við með þrjár spjaldtölvur í gangi hverju sinni sem gerði það að verkum að hægt var að fá fleiri en einn einstakling í hverjum hóp til að svara. Þar sem oft getur reynst erfitt að fá ferðmenn til að staldra lengi við til að svara könnunum kom þetta vel út, í það minnsta til að byrja með. Á Ísafirði og Patreksfirði gekk þetta vel þar sem 3G samband var gott. Þegar farið var út fyrir þéttbýliskjarnana gekk þetta ekki jafn vel, nauðsynlegt er að vera í góðu netsambandi til að hægt sé að nota spjaldtölvurnar, en 3G sambandið er ansi stopult á þessum helstu ferðamannastöðum sem heimsóttir voru. Það var því ákveðið að taka með útprentuð eintök af könnuninni í næstu ferðir til að notast við þegar ekki var öruggt netsamband. Um helmingur af könnuninni er því handsleginn inn í gagnagrunnin af spyrjendum þegar heim var komið.

### Aðferð:

Undirbúinn var listi með spurningum sem skipt var upp í þrennt og samanstóð af 24 spurningum. Reynt var að hafa könnunina ekki of langa til að auka líkur á að ferðamenn gæfu sér tíma til að svara og tók svörun um 10-15 mínútur. Könnunin var lögð fyrir á ensku og íslensku, lagt var upp með að hafa enskuna einfalda og auðskiljanlega þar sem könnunina átti að leggja fyrir ferðafólk af ýmsum þjóðernum.

Fyrsta kafla könnunarinnar var varið í almennar spurningar um svarendur, svo sem kyn, þjóðerni, menntun og aldur. Því næst var spurt út í ásýnd strandlengju Vestfjarða, hvaða skoðun ferðafólk hafði á strandlengjunni og hvað það væri sem hefði áhrif á skoðun þeirra. Í síðasta kaflanum komu svo spurningar sem tengdust fiskeldi, hvort ferðafólk þekkti til fiskeldis og hvaða áhrif það hefði á ásýnd Vestfjarða. Markmiðið með þessari uppbyggingu á könnuninni var að fá almennar og hlutlausar upplýsingar frá svarendum áður en spurt væri beint út í skoðanir þeirra á fiskeldi.

### Takmarkanir:

Undirbúningur könnunarinnar var um 2 vikur, því næst var könnunin lögð fyrir ferðafólk á um mánaðar tímabili eða í lok júlí og fram í ágúst. Aðeins einn rannsakandi vann að verkefninu allan þennan tíma en fékk þó inn tvo aðstoðar spyrjendur í 2 vikur. Tímaramminn sem ferðafólk hafði til að svara könnuninni var því ansi knappur sem og fámenni spyrjenda hafði áhrif á hversu mikið svæði hægt var að fara yfir. Könnunin var aðallega lögð fyrir á Ísafirði, Patreksfirði, Tálknafirði, við Dynjanda og Látrabjarg. Mest var þátttakan á Ísafirði og því næst við Dynjanda, virtist fólk vera viljugra til að gefa sér tíma til að svara könnuninni á þessum stöðum. Veðurfar hafði einnig áhrif á hversu mörg svör fengust við könnuninni og segja má að veðrið hafa ekki verið okkur hliðhollt í sumar.

## Svörun:


Ætla má að ofantaldar takmarkanir hafi haft einhver áhrif á fjölda svara við könnuninni, þá sérstaklega ber að líta til veðurfars, vandræðagangs með spjaldtölvur sem og stutts tímaramma sem takmarkandi þætti svörunar. Þó tóku 153 ferðamenn þátt, 9 kannanir þóttu ekki fullnægjandi þar sem einungis örfáum spurningum var svarað og þá ekki þeim spurningum sem skilyrtar voru fyrir þátttöku. Við notumst því við 146 svarendur frá 21 mismunandi löndum, flestir svarendur koma frá Hollandi, Bandaríkjunum, Þýskalandi og Íslandi.

## Niðurstöður

### Hvar var könnunin tekin:

Rannsakandi og spyrjar fóru nokkrar ferðir á suðurfirðina en höfðu annars aðsetur á Ísafirði. Ekki var talið nauðsynlegt að fara yfir á Strandir og í Reykhólahrepp þar sem markmiðið var að spyrja út í fiskeldi og áhrif þess á ásýnd strandlengjunnar. Vegna takmarkaðs tíma var ákveðið að halda sig á þeim svæðum þar sem fiskeldi er mest.

Nær helmingur svara fengust á Ísafirði eða um 46.6%, þar á eftir voru Patreksfjörður (27.4%) og Bíldudalur/Dynjandi (19.9%). Þeir sem tóku könnunina við Dynjanda merktu hana sem Bíldudalur þar sem Dynjandi var ekki valkostur, það voru því 19.9% sem svöruðu á Dynjanda. Illa gekk að ná á ferðamenn á Bíldudal og náðust engin svör þar. Á Dynjanda, Patreksfirði og Tálknafirði saman fengust 51,4% svaranna, það má því segja að svörun hafi skipst nokkuð jafnt á milli norður og suður svæðis.



### Þjóðerni, kyn, aldur og menntun:

Rúmlega helmingur þátttakenda kom frá 5 löndum; Hollandi, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Íslandi og svo Bretlandi. Samtals kom 59,6% þáttakenda frá þessum þjóðum og skiptist það nokkuð jafnt á milli þeirra. Flestir komu frá Hollandi eða um 13,7% og fæstir úr þessum hópi frá Bretlandi eða um 10,3%, hinar þjóðirnar voru þarna á milli. Næst á eftir þessum hópi kom Frakkland, en þaðan komu 8,9% þátttakenda. Restin af þátttakendum, eða um 40,4%, komu frá 15 löndum, sem dæmi má nefna Austurríki, Noreg, Ítalíu, Brasilíu og Spán. Voru þessar þjóðir með á bilinu 0,7%-5,5% þátttakenda hver.

Konur voru 55,5% svarenda og karlmenn 44,5%. Aldursskipting þátttakenda skiptist nokkuð jafnt á milli þriggja aldurshópa af fjórum. Flestir voru á aldrinum 18-30 ára eða um 38% þáttakenda, þar á eftir var fólk á aldrinum 31-45 eða um 33,8%, fólk á aldrinum 46-60 ára var svo um 24,7% svarenda og að lokum voru 3,5% ferðamanna á aldrinum 61 árs eða eldri.


Þriðjungur svarenda hafði lokið grunnnámi í háskóla eða 30,5%. Annar þriðjungur þátttakenda (31,9%) hafði lokið meistaraþáttum við háskóla á tíma könnunarinnar og skiptist síðasti þriðjungurinn á milli þeirra sem höfðu lokið doktorsþáttum (8,5%), menntaskóla eða iðnnámi (13,5%), grunnskólaprófi (14,9%) eða engu námi lokið (0,7%).

## Ferðamáti og fyrirætlanir:

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu komið til Íslands áður og ef svo hvort þeir hefðu skoðað Vestfirði. Eins var spurt út í hvernig þau ferðuðust til Vestfjarða, hvað þau ætluðu að taka sér fyrir hendur á meðan að á dvöl stæði og hvar þau hefðu leitast eftir upplýsingum um Vestfirði. Hér að neðan má sjá niðurstöður úr þeim spurningum:


### Q7 Have you been to:

Answered: 146 Skipped: 0




### Q8 How did you arrive in the Westfjords?

Answered: 142 Skipped: 4




### Q9 What type of activities will you engage in while in the Westfjords?

Answered: 141 Skipped: 5



### Q10 Where did you find information on the Westfjords?

Answered: 144 Skipped: 2



## Ásýnd strandlengju Vestfjarða:

Við spurðum þátttakendur hvaða viðhorf þau hefðu til strandlengju Vestfjarða, hvaða mannvirki eða starfsemi það væru sem hefðu áhrif á skoðun þeirra og þá hvaða áhrif þau hefðu. 75% þátttakenda var með mjög jákvætt viðhorf til Vestfjarða, 23,5% jákvætt viðhorf og 1,5% voru hlutlaus. Það hafði því enginn svarenda neikvætt viðhorf til strandlengjunnar. Meirihluti þátttakenda tiltók hvað það væri sem réði viðhorfi þeirra, flestir minntust á náttúruna, dramatískt eða einstakt landslag, kyrrð og ró.


Aðspurð hvort þátttakendur hefðu tekið eftir einhverjum mannvirkjum eða starfsemi við strandlengjuna, án þess þó að tilgreina eitthvað frekar hvað félli þar undir, svöruðu 35,3% neitandi en 64,7% játandi. Það var með ráði gert að tilgreina ekki sérstaklega hvað gæti fallið undir mannvirki eða starfsemi. Tilgangurinn með spurningunni var að fá tilfinningu fyrir því hvernig og hvað fólk túlkar sem mannvirki. Þeir sem svöruðu spurningunni játandi voru spurðir hvaða mannvirki/starfsemi þeir hefðu tekið eftir. Voru svörin mörg og mismunandi en flestir minntust á þorpín, hafnir, báta, bóndabæi,

fiskeldi eða sjávarútveg almennt. Þegar spurt var út í hvort þessi mannvirki/starfsemi hefðu áhrif á viðhorf þeirra svöruðu 18% játandi, 50% neitandi og 32% voru ekki viss eða höfðu ekki skoðun á því. Þeir þátttakendur sem svöruðu játandi voru beðnir um að tilgreina á hvaða hátt mannvirkin hefðu áhrif voru lang flest svörin á jákvæðum nótum; svo sem að þetta væri merki um að líf væri á svæðinu, væru söguleg, gerði svæðið enn áhugaverðara og raunverulegt.

Þegar mannvirkjum og starfsemi var skipt niður og þátttakendur spurðir hvaða áhrif hver flokkur hefði á upplifun þeirra af Vestfjörðum var í lang flestum tilvikum um jákvæð eða hlutlaus áhrif að ræða.

## Q14 How do each of the following activities impact on your experience of the Westfjords coastline?

Answered: 135 Skipped: 11



### Fiskeldi:

Til að fá innsýn í það hversu vel ferðafólk þekkti til fiskeldis byrjuðum við fiskeldis kaflann á mjög opnum og almennum spurningum. Við þrengdum spurningarna svo og spurðum að lokum út í hvaða áhrif fiskeldi hefði beint á upplifun þeirra og viðhorf.


Rétt rúmlega helmingur þátttakenda, eða 56,7%, þekkti ekki til fiskeldis áður en þau komu til Vestfjarða, á meðan að 43,3% vissu hvað fiskeldi væri eða höfðu heyrt af því áður. Spurt var hvort þátttakendur hefðu séð fiskeldi áður, 57,1% svarenda sögðu svo ekki vera. Þeir þátttakendur sem svöruðu játandi (42,9%) voru beðnir um að tiltaka hvar það hefði verið. Flestir höfðu kynnst fiskeldi í Noregi, Skotlandi eða annars staðar á Íslandi, en einnig var minnst á Færeyjar, Nýja Sjáland, Frakkland og aðra staði utan Evrópu.

Um 71,6% þátttakenda höfðu tekið eftir fiskeldi á Vestfjörðum, en þar af voru 14,9% sem höfðu ekki tekið eftir eldi fyrr en þeim var bent á það. Þegar spurt var út í hvort svarendur hefðu vitað hvað það væri sem þau horfðu á, þóttu 45,6% þátttakenda það augljóst eða höfðu séð fiskeldi áður en 33,1% voru ekki viss eða þurftu að spyrja út í það. Um 34,5% svarenda sögðust ekki hafa séð fiskeldi eða voru

ekki viss um hvar á Vestfjörðum þau hefðu séð fiskeldi. Sumir gátu bent nákvæmlega á hvar þau sáu fiskeldi á meðan aðrir höfðu einungis grófa hugmynd um svæðin sem þau sáu eldi á.

### Q19 Do you remember approximately where you saw fish farming in the Westfjords? (Please have a look at the map or ask for help if you are not sure)


Answered: 119 Skipped: 27



Við spurðum þátttakendur hvernig áhrif fiskeldi á Vestfjörðum hefði á upplifun þeirra af Vestfjörðum sem og hvort, og þá hvernig, aukin þróun í fiskeldi á Vestfjörðum myndi hafa áhrif á þau. Spurningarnar voru settar upp sem skali með sex valmöguleikum, frá mjög jákvæðum áhrifum til mjög neikvæðra áhrifa sem og einn valmöguleiki fyrir þá sem ekki voru vissir á sinni skoðun. Þátttakendur voru beðnir um að svara hversu mikil áhrifin væru á fimm mismunandi þáttum, annars vegar miðað við stöðuna eins og hún er í dag og hinsvegar miðað við aukna þróun á fiskeldi á Vestfjörðum.

### Q20 How does fish farming in the Westfjords affect you in relation to:


Answered: 135 Skipped: 11



Spurt var um áhrifin á; skoðun þeirra á svæðinu, ásýnd landslags, náttúrulegt umhverfi, afþreyingu þátttakenda og vilja til að ferðast aftur til Vestfjarða. Um helmingi svarenda þótti fiskeldi vera hlutlaus áhrifavaldur eins og það er í dag. Þegar spurt var um áhrifin af aukinni þróun jafnaðist bilið aðeins á milli hlutlausra og neikvæðra áhrifa á ásýnd landslags og náttúrulegt umhverfi. Þess má þó geta að um 17-20% þátttakandi svaraði „veit ekki“ við öllum þessum þáttum, bæði miðað við fiskeldið í dag sem og miðað við aukna þróun. Það má því gera ráð fyrir að þetta fólk hafi ekki myndað sér skoðun á fiskeldi og þar af leiðandi hefur fiskeldi væntanlega ekki haft mikil áhrif á upplifun þeirra af svæðinu.

## Q21 How would further expansion or development of fish farming in the area affect you in relation to:

Answered: 133 Skipped: 13




Settar voru fram sex fullyrðingar og þátttakendur spurðir hversu sammála fullyrðingunum þeir væru. Svarmöguleikar voru sex og voru á skala, frá því að vera mjög sammála til þess að vera mjög ósammála ásamt því að geta svarað veit ekki. Fullyrðingarnar voru eftirfarandi;

- Fiskeldi hefur neikvæð áhrif á strandlengju Vestfjarða
- Ég geri mér grein fyrir þeim ávinningi sem fæst af fiskeldi fyrir samfélög á Vestfjörðum
- Ég mundi ekki vilja sjá fiskeldið stækka/dreifast mikið á svæðinu
- Fiskeldi hefur áhrif á heildarmynd Vestfjarða en ekki nægilega mikil til að skemma ásýnd þeirra
- Ég er ólíklegri til að heimsækja svæði þar sem fiskeldi er starfrækt
- Fiskeldi hefur engin teljanleg áhrif á ásýnd eða landslag Vestfjarða

Flestir svöruðu hlutlaust þegar haldið var fram neikvæðum áhrifum á strandlengjuna eða um 30,8% ásamt því að 18,8% voru óvissir. 25,6% voru ósammála þessari fullyrðingu og því má segja að meirihluti svarenda þyki fiskeldi ekki hafa neikvæð áhrif á strandlengju Vestfjarða. Langflestir gera sér grein fyrir ávinningi fiskeldis fyrir samfélögin á Vestfjörðum, þar eru 43,2% sammála og 18,9% mjög sammála. 40,2% svarenda voru hlutlausir þegar kemur að stækkun eða þróun fiskeldis á Vestfjörðum og 14,4% höfðu ekki gert upp hug sinn. Það skiptist svo nokkuð jafnt á milli þeirra sem taka afstöðu hvort þau væru sammála eða ósammála fullyrðingunni.

## Q22 How strongly do you relate to the following statements?

Answered: 135 Skipped: 11



Um helmingur svarenda, 45,8%, voru sammála því að fiskeldi hefði áhrif á heildarmynd Vestfjarða en þó ekki nægilega mikil til að skemma ásýnd þeirra og 39,7% tóku ekki afstöðu eða höfðu ekki gert upp hug sinn. 42% svarenda voru ósammála fimmtu fullyrðingunni og myndu ekki láta fiskeldi hafa áhrif á ferðatilhögun sína eða væru ólíklegri til að heimsækja svæði þar sem fiskeldi er starfrækt. 52,7% þátttakenda tóku þó ekki afstöðu eða voru ekki viss. Svörun var nokkuð jöfn þegar kemur að því hvort fiskeldi hafi teljanleg áhrif á ásýnd eða landslag Vestfjarða. 26,5% voru sammála eða mjög sammála því að fiskeldi hafi ekki teljanleg áhrif en 22,7% voru ósammála og telja því fiskeldi hafa áhrif á ásýnd eða landslag Vestfjarða. Um helmingur, 50,5%, þátttakenda tóku þó ekki afstöðu eða höfðu ekki gert upp hug sinn.

Að lokum spurðum við hvort þátttakendur teldu raunhæft að fiskeldi væri eitt af aðdráttaöflum Vestfjarða, þá með tilkomu fræðsluefnis, upplýsingaskilta og miðstöðva, og hvort þau hefðu einhverjar frekari athugasemdir varðandi fiskeldi á Vestfjörðum. Stærsti hluti svarenda var ekki viss um hvort slíkt myndi ganga eða um 45,9%, 18,5% héldu að slíkt mundi ekki ganga en 35,6% tóku vel í hugmyndina.

Einungis 23 af 146 þátttakendum skildu eftir frekari athugasemdir varðandi fiskeldi. Þar kom ýmislegt fram, til að mynda var bent á að mikilvægt væri að fara varlega í allar framkvæmdir og þar með talið í stækkun á fiskeldi. Eins var talað um umhverfisáhrif, að passa upp á náttúruna, að „small is good“ og fleira í þá áttina. Einn þátttakandi minntist á slæma vegi og hafði áhyggjur af flutningi afurða ef til frekari þróunar á fiskeldi kæmi.

## Q23 In your opinion, could fish farming be one of the attractions of the Westfjords. With information centers, sign posts, educational workshops and so on?

Answered: 135 Skipped: 11

